



Hagfræðingar Þjóðhagsráðs tala um að nú sé ekki svigrúm til launahækkana vegna þess að verðbólga sé of mikil. Slíkar fullyrðingar eru villandi. Svigrúm til launahækkana ræðst öðru fremur af hagvexti og framleiðniaukningu. Hvoru tveggja er í góðu lagi á Íslandi þetta árið og afkoma þorra fyrirtækja mjög góð.

Topparnir í samfélaginu hafa þegar tekið til sín verulegar launahækkningar, og hækkningar bónusa og kaupþéttarheimilda. Arðgreiðslur úr fyrirtækjum eru í hámarki og fjármagnstekjur hátekjufólks hafa hækkað verulega. Samhliða því hafa skattfríðindi þeirra verið aukin.

Lágmark er að launafólk njóti þeirrar framleiðniaukningar sem er fyrir hendi með samsvarandi kaupmáttaraukningu. Ef ekki, þá er tekjuskiptingunni breytt í þágu hátekjuhópanna og stóreignafólks. Tilefni til kjarabóta launafólks er því vissulega fyrir hendi og góð reynsla af Lífskjarasamningnum varðar þá leið sem æskilegast er að fara við núverandi aðstæður. Þetta er útlistað nánar í því sem á eftir kemur.

Umfjöllunin byggir á tilgreindum forsendum en kröfugerð Eflingar er alfarið í höndum samninganefndar félagsins.

Tilefni og leiðir til kjarabóta árið 2022

I. Inngangur: Þarf að taka verðbólgu niður á kostnað launafólks?

Verðbólga er nú óvenju há miðað við síðasta áratug. Það er vegna tímabundinna áhrifa Kóvid faraldursins á aðfangakeðjur í heimshagkerfinu og stríðsins í Úkraínu á olíuverð og matvælavæð. Hvoru tveggja eru tímabundin áhrif innfluttrar verðbólgu. Hagstjórnaraðgerðir innanlands munu ekki hafa nein áhrif á þetta. Lækkun kaupmáttar launa á Íslandi stöðvar ekki stríðið í Úkraínu né lækkar olíu- og matvælavæð á heimsmarkaði.

Innlendar orsakir verðbólgu eru einkum óvenju miklar hækkningar á húsnæðisverði sem rekja má til hagstjórnamistaka Seðlabankans á árunum 2020 og 2021. Miklar hækkningar stýrivaxta á árinu 2022 eru hugsaðar til að draga úr eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði með því að gera lántöku dýrari. Sú aðgerð hittir hins vegar ekki fyrir þá eina sem huga að húsnæðis kaupum heldur alla sem eru með húsnæðisskuldur. Þetta er því mjög ómarkviss aðgerð sem bitnar á þorra launafólks, en skilar takmörkuðum árangri. Aukinn vaxtakostnaður heimila vegna þessara hækkana nemur þegar tugum þúsunda á mánuði hjá venjulegum fjölskyldum og rýrir nú kaupmátt hratt ásamt hækkanum verðlagi.

Verðbólga eins og nú er réttlætir því ekki að laun séu látin hækka minna en verðlag, nema menn vilji nota tækifærið til að

hafa framleiðniaukningu þjóðarbúsins af launafólki með rýrnun kaupmáttar. Efling hafnar slíkri leið í einu og öllu, enda ekkert tilefni til slíks við núverandi aðstæður. Innflutta verðbólgan mun væntanlega lagast strax á næsta ári og með auknu framboði íbúðarhúsnæðis mun hægja á verðhækkunum þess.

Engin þörf er því fyrir launahækkningar eða kaupmáttarrýrnun á heildina litið. Ísland er þegar með hæsta framfærslukostnað í Evópu ásamt Sviss og launahækkningar eru nauðsynlegar til að halda stöðu launafólks gagnvart verðlaginu.

II. Launahækkningar


Tilefni til launahækkana í venjulegu árferði ræðst öðru fremur af hagvexti umfram fólksfjölgun, það er framleiðniaukningu. Til að halda óbreyttri tekjuskiptingu er lágmark að kaupmáttur launa aukist um jafn mikið og framleiðniaukningin. Hagstofa Íslands spáir 5,1% hagvexti á árinu 2022 og búast má við um 3% fólksfjölgun. Það gefur um 2% framleiðniaukningu á árinu 2022, sem er jafnt og meðalvöxtur framleiðninnar í einkageiranum var á tíu ára tímabilinu frá 2011 til 2020 (sbr. grein Arnaldar Sólva Kristjánssonar og Róberts Farestveit, **Launaþróun og framleiðni**, í *Vísbandingu* nr. 6 2022).

Verðbólguþá Hagstofunnar fyrir 2022 er 7,5%. Til að framleiðniaukningin skili sér í kaupmáttaraukningu til launafólks

þarf almenn launahækkun því að vera 7,5% + 2%, eða um 9,5%. Ef verðbólguþáttur eða hagvaxtarþáttur breytast munu þessar forsendur breytast hlutfallslega. Ef verðbólgan verður hærri á árinu munu launahækkunar þurfa að vera meiri, en ef hún verður lægri á næsta ári geta krónutöluhækkunar þá orðið minni en á árinu 2022. Þannig elta launahækkunar verðlagið en reka það ekki áfram, enda er verðbólgan nú af öðrum sökum en launahækkunum.

Góð reynsla var af flötum krónutöluhækkunum yfir línuna í Lífskjarasamningnum 2019, en þær skila lægri tekjuhópum meiri kaupmáttaraukningu en þeim sem hærri eru, einkum þeim sem eru yfir meðallaunum. Á mynd 1 er sýnt reiknidæmi um launahækkunar á ofangreindum forsendum, þannig að full kaupmáttaraukning með framleiðniaukningu upp á 2% kemur á 550.000 króna mánaðarlaun (með 9,5% launahækkun þar) og kaupmáttur meðallauna helst (þ.e. við 700.000 kr. mánaðarlaun, þar sem launahækkun er jöfn verðlagshækkunum, þ.e. 7,5%).

Þetta skilar flatrí krónutöluhækkun upp á 52.250 kr. á mánuði. Þetta er svipuð útfærsla og var í Lífskjarasamningnum 2019, en á hærri verðbólguþáttum. Með þessari aðferð verður kaupmáttaraukning meiri í lægstu launahópum en minni í þeim efri, sem hlífir atvinnulífínu að hluta við aukningu launakostnaðar.



Mynd 1 Forsendur launahækkana miðað við 7,5% verðbólgu og 2% framleiðniaukningu á árinu 2022. Hækkunin kemur sem flöt krónutöluhækkun upp á 52.250 kr. á mánuði. Myndin sýnir prósentuhækkunar launa og breytingu kaupmáttar eftir launabilum sem þessi hækkun færir.

Launahækkun ofaná lágmarkslaun (378.000 kr.) yrði þá 13,8%. Þeir sem eru með allra hæstu launin fá á hinn bóginn minna en verðlagshækkunar og kaupmáttur þeirra rýrnar því nokkuð. Þessar tölur munu breytast ef forsendur breytast, til hækkunar eða lækkunar. Ef verðbólgan verður 10% á árinu 2022 þarf 66.000 króna flata krónutöluhækkun til að halda ofangreindri útfærslu að raunvirði.

Síðan er einnig sjálfsagt að halda áfram á þeirri vegferð sem farin var í Lífskjarasamningnum, að færa taxta láglaunafólks að raunverulega greiddum launum, með meiri hækkunum á taxta en ofangreindar almennar hækkunar. Það felur almennt ekki í sér neinar kostnaðarhækkunar hjá fyrirtækjum.

Þessi útfærsla á launahækkunum mildar áhrif launahækkana á fyrirtækin með því að launakostnaður hærri tekjuhópa eykst hlutfallslega minna en annarra og láglaunafólk fær mesta

kaupmáttaraukningu, en þar er þörfin einmitt mest (sbr. *Kjararéttir Eflingar* nr. 4, *Hallarekstur á heimilum láglaunafólks*).

III. Framlag ríkisins

Ríkið lagði rúmlega 80 milljarða til Lífskjarasamningsins 2019, að eigin mati. Mesti kostnaðurinn var vegna lækkunar tekjuskatts með innleiðingu lægri álagningar á lægri tekjur. Nú er staða ríkissjóðs góð, þrátt fyrir Kóvíð faraldurinn. Raunar er hún óvenju góð miðað við aðrar vestrænar þjóðir. Full ástæða er til að fara svipaða leið í komandi kjarasamningum. Eftirfarandi er listi yfir mikilvæggar leiðir til kjarabóta fyrir launafólk sem ríkið getur lagt til og sem hjálpa til við að halda launahækkunum hóflegum.

III.1. Lækkun tekjuskatts á lægri tekjuhópa

Stjórnvöld léku þann leik að rýra persónuafslátt tekjuskattkerfisins flest árin frá 1991 til 2019, sem jók skattbyrði lagtekjuhópa meira en annarra. Þetta rýrði verulega ávinning láglaunafólks af kjarasamningunum sem gerðir voru á almennum markaði. Í Lífskjarasamningnum 2019 var samið við ríkið um sérstaka lækkun tekjuskatts, mest á láglaunahópa, til að snúa ofangreindri óheillaþróun við. Mest lækkaði skattbyrði láglaunafólks um 10.000 kr. á mánuði, sem er ígildi um 15.000 króna launahækkunar. Með þessu tókst að verja ávinning láglaunafólks af kjarasamningunum að öðru leyti, ólíkt því sem oft var á tímabilinu frá 1991 til 2019.

Það er hagur launafólks að áframhald verði á þessari þróun. Vegna verðlagshækkana þarf hámarksupphæð skattalækkunar til lágtekjufólks að vera nú um 15.000 kr. á mánuði, sem má svo fjara út með hærri tekjum. Þessu má ná fram með lækkun lægsta álagningarþreps í tekjuskatti eða með sérstöðum tekjutengdum persónuafslætti. Kostnað vegna þessa má fjármagna t.d. með hærri álagningarþrepi á tekjur yfir 1,5 m.kr. á mánuði og með hækkun fjármagnstekjuskatts, þannig að álagning á fjármagnstekjur verði sambærileg við álagningu á atvinnutekjur og lífeyri. Fleiri leiðir koma til greina.

III.2. Húsnæðisstuðningur

Það er á ábyrgð stjórnvalda að tryggja nægilegt framboð íbúðarhúsnæðis í landinu og því hafa þau lofað, þó efnidir hafi verið sveiflukenndar. Fyrir verkalyðshreyfinguna skiptir mestu máli að tilfærslu kerfi húsnæðisstuðnings verji launafólk fyrir verulega hækkandi húsnæðiskostnaði, þ.e. húsaleigubætur og vaxtabætur. Aðrar lagfæringar hafa þó einnig þýðingu.

Ríkið lagði félagslega húsnæðiskerfið niður árið 1999. Það hefur sýnt sig að hafa verið hið mesta óráð. Eftir það hafa verðhækkunar verið alltof miklar og framboð íbúðarhúsnæðis of sveiflukennt og ekki nægilega í samræmi við þörf, einkum hvað snertir lágtekjuhópa. Ábyrgð stjórnvalda er því mikil í þessum efnum og brýnt að húsnæðisstuðningur sé verulega eflidur og meiri kraftur settur í uppbyggingu félagslegs húsnæðis.

III.2.1 Húsaleigubætur og leigupak

Húsaleiga hefur lækkað meira á Íslandi en í öðrum Evrópulöndum á sl. 10 árum. Húsaleigubætur hafa ekki haldið í við þá þróun. Hækkun stjórnvalda á húsaleigubótum sl. vor um 10% var skref í rétta átt en alltof lítið í ljósi fram kominna hækkana á leigu. Alltof stór hópur leigjenda glímur við óeðlilega háan húsnæðiskostnað (sbr. *Kjararéttir Eflingar* nr. 6: *Afleit staða leigjenda*). Því er nú þörf á meiri hækkunum húsaleigubóta.

Þá er mjög brýnt að loforðið frá Lífskjarasamningnum 2019 um að setja hömlur á hækkun leiguverðs (t.d. með leigupaki) verði að

fullu efnt sem fyrst, sem og loforð um að skapa Leigjendasamtökunum traustan starfsgrundvöll.

III.2.2 Vaxtabætur til lægri tekjuhópa

Á síðustu árum hafa vaxtabætur rýrnað stórlega, næstum fjarad út, á sama tíma og verð íbúðarhúsnæðis hefur hækkað óvenju mikið á alla mælikvarða (sbr. *Kjarafréttir Eflingar* nr. 2: [Íbúðaverð hækkar og hækkar en vaxtabætur lækka og lækka](#)). Í staðinn fyrir vaxtabætur hefur ríkið boðið íbúðakaupendum að nota eigin séreignalífeyrissparnað skattfrjálst til að greiða niður skuldir. Það er aðgerð sem nýtist að langmestu leyti tekjuhærri hópum. En með eyðileggingu vaxtabótakerfisins hefur lágtekju- og millitekjufólk verið rænt húsnæðisstuðningi sínum um leið og hátekjuhópar halda slíkum stuðningi. Þetta er óskynsamlegt og óviðunandi, sérstaklega þegar vaxtastig er mjög hækkanði.

Nú þegar ungt fólk og fólk af leigumarkaði þarf að skuldsætja sig meira en nokkru sinnum fyrr til að eignast íbúðarhúsnæði er gríðarleg þörf fyrir stuðning til lægri og milli tekjuhópa í því formi sem endurhannaðar vaxtabætur geta veitt. Að lágmarki þarf að fimmfalda fjármagn til vaxtabóta til lægri tekjuhópa.

III.2.3 Stofnframlög til félagslegra leiguíbúða

Frá 2016 var stofnað til uppbyggingar almenna húsnæðiskerfisins með niðurgreiddu leiguhúsnæði, í formi stofnframlaga ríkis og sveitarfélaga, að frumkvæði verkálýðshreyfingarinnar. Þetta er góð viðbót við kerfið en gagnast alltof fáum og getur alls ekki komið í stað vaxtabóta eða leigubóta. Þörfin er mjög mikil og því rík ástæða til að hið opinbera auki framlög til þessa málflokks.

III.2.4 Mildun áhrifa verðhækkana húsnæðis á vísitölu verðlags

Hækkun húsnæðisverðs veldur hækkun vísitölu neysliverðs sem hækkar höfuðstól verðtryggðra lána og eykur skuldabyrði heimila. Síðan eru stýrivextir Seðlabankans hækkaðir til að spyrna við verðbólgu, sem eykur skuldabyrði heimila enn frekar. Mikilvægt er að rjúfa þennan vítahring verðhækkana og skuldabyrðar.

Takmörkun á notkun verðtryggðra lána er ein leið. Önnur leið er að láta hækkanir á verði íbúðarhúsnæðis koma mun hægar inn í vísitölu verðlags (með því að miða hækkanir íbúðaverðs við lengri tíma meðaltal en nú er gert). Þetta er breyting sem dregur úr áhrifum mikilla sveiflna á íbúðaverði á verðlagsþróunina og sem mikilvægt er að grípa til sem allra fyrst, af mörgum ástæðum.

III.3. Barnabætur

Í *Kjarafréttum Eflingar* nr. 1 ([Barnabætur á Íslandi eru of lágar](#)) var sýnt að staða barnafjölskyldna er ekki nógu góð á Íslandi í samanburði við hinar norrænu þjóðirnar sem og við önnur vestræn OECD-ríki. Þó óskertar barnabætur séu sambærilegar við það sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum er byrjað að skerða þessar bætur um leið og fólk fær meira í tekjur en lágmarkslaun á vinnumarkaði. Fáir fullvinnandi einstaklingar fá því óskertar barnabætur hér á landi. Útgjöld vegna barnabóta eru sömuleiðis lægri hér en í löndum sem við berum okkur saman við, þó börn séu tiltölulega mörg á heimilum hér á landi.

Þetta þýðir að fjölskyldur sem eru t.d. með tekjur á milli fátæktarmarkna og meðallauna fá mun minna í barnabætur hér á landi en í grannríkjunum. Þetta þarf að laga strax, til dæmis með því að láta skerðingu barnabóta ekki byrja fyrr en nær meðallaunum er komið. Það kallar á hátt í tvöföldun útgjalda til barnabóta.

IV. Lífeyrir almannatrygginga

Almennu lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir með kjarasamningum árið 1969 til að hækka lífeyri lífeyrisþega. Eftir því sem sjóðunum óx ásmegin og fóru að greiða hærri lífeyri þá jók ríkið skerðingar á lífeyri almannatrygginga á móti, með sívaxandi þunga allt fram á síðustu ár. Þetta hefur skaðað lífeyriskerfið og aftrað því að launafólk hafi þann ávinning af lífeyrissjóðunum sem að var stefnt. Alltof stór hluti lífeyrisþega býr þess vegna við of lágur tekjur nú þó lífeyrissjóðirnir séu með þeim allra stærstu á Vesturlöndum, í hlutfalli við landsframleiðslu.

Einfaldasta leiðin til að laga þetta er að hækka frítekjumark almannatrygginga gagnvart lífeyrissjóðstekjum úr 25.000 kr. á mánuði upp í minnst 100.000 kr. Brúttó kostnaður af því yrði um 15 milljarðar en að frádregnum auknum skatttekjum ríkisins um 10 milljarðar nettó.

V. Annað

Ýmsar aðrar aðgerðir geta skipt miklu máli. Stjórnvöld geta slegið á verðbólguna með tímabundninni lækkun álagningar á bensín/dísel orkugjafa og með lækkun vsk. á matvæli.

Þá er mikilvægt að halda áfram með aðgerðir gegn félagslegum undirboðum og koma á févitum vegna kjarasamningabrot.

Áfram þarf að vinna hratt að verulegum umbótum í húsnæðismálum, meðal annars í anda [tillagna húsnæðishóps](#) Þjóðhagsráðs sem nýlega komu fram.

Loks er afar brýnt að bæta skattheimtu og [draga stórlega úr skattaundanskotum](#). Lausatök gagnvart skattaskilum fyrirtækja hér á landi leiða til meira taps á skatttekjum stjórnvalda en er í nær öllum öðrum vestrænum samfélögum, samkvæmt nýjum alþjóðlegum rannsóknum. Lagfæring á þessu sviði þarf að skila sér til eflingar velferðarkerfisins og annarra innviða samfélagsins.

Útkomin eintök af *Kjarafréttum*:

- Nr. 1:** *Barnabætur eru of lágar á Íslandi*
- Nr. 2:** *Íbúðaverð hækkar og hækkar - en vaxtabætur lækka og lækka*
- Nr. 3:** *Á lengri ævi menntafólks að lækka lífeyri verkafólks?*
- Nr. 4:** *Hallarekstur á heimilum láglaunafólks*
- Nr. 5:** *Ísland og Sviss með hæsta framfærslukostnað í Evrópu*
- Nr. 6:** *Afleit staða leigjenda í frumskógi óhefta markaðarins*
- Nr. 7:** *Öryrkjar í fjötrum fátæktar*
- Nr. 8:** *Tillögur húsnæðishóps Þjóðhagsráðs og það sem vantar í þær*
- Nr. 9:** *Íslenska velferðarrikið nær ekki máli sem „norrænt velferðarriki“*
- Nr. 10:** *Tilfni og leiðir til kjarabóta árið 2022*

Nánari upplýsingar:

Stefán Ólafsson / stefan@efling.is / sími 891 8656